



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur fyrir gangandi og hjólandi við Elliðabraut

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 17. maí 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að ráðist verði í eftirfarandi úrbætur sem fyrst í þágu gangandi og hjólandi vegfarenda við Elliðabraut. 1. Gangstétt og hjólarein verði lögð við vestanverða Elliðabraut, meðfram húsunum nr. 2 – 22 við götuna. 2. Vel merktar gangbrautir/gönguveranir verði lagðar yfir Elliðabraut á tveimur stöðum: annars vegar nálægt Þingtorgi fyrir gönguleið að Norðlingaskóla, Fylkisseli og nýja verslunarmiðstöð hverfisins sem opnuð verður innan skamms á horni Norðlingabrautar og Árvaðs. Hins vegar nálægt Sandvaði fyrir gönguleið að leikskólanum Rauðhóli.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagsráðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 31. maí sl.

Umsögn:

Norðlingaholtshverfið er eitt af þeim hverfum í Reykjavík sem er enn í uppbyggingu. Fyrirhugað er að gera steypa gangstétt meðfram Elliðabraut nr. 2 – 22 í samræmi við deiliskipulag ásamt tilheyrandi frágangi. Ekki eru áform um að gera sérstaka hjólarein á svæðinu. Hámarkshraði á Elliðabraut verður 30 km/klst eftir í samræmi við samþykkt á lækkun hámarkshraða. Einnig munu vera gerðar tvær upphækkanir með gönguverunum. Annars vegar á Elliðabraut við Þingtorg og hins vegar fyrir miðju Elliðabrautar, til móts við Elliðabraut nr. 12 og Sandvað, ásamt viðeigandi umferðarmerkingum. Gangbrautirnar verða báðar í nágrenni við strætóskýli.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri